



LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

# Sjálfbærnimarkmið Landsbankans

30. janúar 2025



---

# Sjálfbærnistefna Landsbankans

Sjálfbærnistefna Landsbankans er innleidd í starfsemi allra sviða bankans, skilgreinir helstu áherslur bankans í sjálfbærni og lýsir því hvernig við hyggjumst tileinka okkur þær í starfseminni. Stefnan fjallar um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, loftslagsmál, félagslega þætti, stjórnarhætti, UFS-áhættumat, ábyrgar fjárfestingar og ábyrgar lánveitingar.

## Sjálfbærnimarkmið Landsbankans

Til að ná árangri er nauðsynlegt að setja sér markmið, í sjálfbærnimálum eins og öðru. Við setjum okkur krefjandi markmið sem við endurskoðum með reglulegu millibili en markmiðin byggja á sjálfbærnistefnu bankans. Upplýsingagjöf Landsbankans er einnig tengd sjálfbærnimarkmiðunum, en við miðlum upplýsingum um gang mála, bæði með gagnsæi og fræðslu að leiðarljósi. Núverandi markmið eru átta og skiptast í flokkana sjálfbærni, umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti.

### 1. Vera upplýst og upplýsa um sjálfbærniáhrif bankans.

Við ætlum okkur að birta vandaðar upplýsingar á sviði sjálfbærni. Í því felst að:

- Fylgja settum sjálfbæmireglugerðum þegar þær taka gildi með viðeigandi upplýsingagjöf, t.d. Sustainable Finance Disclosure Regulation (SFDR), flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy) og Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD) sem felur í sér að fara eftir evrópsku sjálfbærniskilastöðlunum (ESRS).
- Við fjöllum um loftslagsáhættu í Pillar III áhættuskýrslu bankans samkvæmt viðmiðum starfsþóps um upplýsingagjöf vegna loftslagsbreytinga, Task Force on Climate-Related Financial Disclosures (TCFD).
- Við birtum tölur um losun gróðurhúsalofttegunda og þær innihalda losun frá útlánasafni samkvæmt aðferðafræði samtaka um þróun loftslagsbókhalds, Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF).

Gera má ráð fyrir því að upplýsingagjöf sem tengist sjálfbærni muni aukast í náinni framtíð, bæði vegna þátttöku í verkefnum eins og vísindalegri markmiðasetningu um samdrátt í losun (SBTi) og starfsþóps um upplýsingagjöf vegna áhrifa á náttúruna (Task Force on Nature-Related Financial Disclosures (TNFD)) en aðallega vegna aukinna krafa frá regluverki.

### 2. Leggja áherslu á ábyrgar lánveitingar.

Landsbankinn setur sér markmið um að auka ábyrgar lánveitingar sem falla undir skilgreiningar sjálfbærrar fjármálaumgjáðar bankans.

Árið 2025 er markmið bankans að auka hæf útlán um 10%, eða 25 milljarða króna.

---

### 3. Ná fram samdrætti í beinni losun gróðurhúsalofttegunda.

Við stefnum að því að losun frá umfangi 1, þ.e. bein losun bankans, lækki um 80% á árinu 2028 og um 95% á árinu 2030 miðað við árið 2018. Landsbankinn skal viðhalda kolefnishlutleysi samkvæmt mati CarbonNeutral® frá og með árinu 2020.

Frá 1. janúar 2025 mun bankinn ekki kaupa ökutæki sem ganga eingöngu fyrir jarðefnaeldsneyti.

Frá 1. janúar 2027 mun bankinn eingöngu kaupa ökutæki sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum, t.d. rafmagni.

Landsbankinn hafði sett sér það markmið að ná 80% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2025 en það náðist ekki. Við lok árs 2024 var samdráttur bankans í beinni losun 34% frá grunnárinu 2018. Ljóst var í lok árs 2023 að markmið um samdrátt næðist ekki á tilsettum tíma. Þá var brugðist við með þeim aðgerðum sem lýst er hér að ofan um að bankinn muni ekki kaupa ökutæki sem gangi eingöngu fyrir jarðefnaeldsneyti eftir 2024 og eingöngu kaupa bíla sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum eftir árslok 2026. Helstu ástæður þess að markmiðið náðist ekki eru að bein losun frá bankanum felur eingöngu í sér eldsneytiskaup hans. Þar sem þegar var búið að skipta mörgum bílum bankans út fyrir rafmagnsbíla eða hybridbíla þegar markmiðið var sett var takmarkað hægt að skipta út bílum. Margir bílar bankans eru í notkun á landsvæðum þar sem innviðir til rafmagnshleðslu eru ekki eins og best verður á kosið og til að tryggja öruggan ferðamáta við allar aðstæður árið um kring hefur bílum ekki verið skipt út fyrir hybrid- eða rafmagnsbíla þar. Einnig hefur ekki verið farið í óþarfa endurnýjun þar sem það hlýst kostnaður fyrir umhverfið af því að framleiða bíla, hvaða eldsneyti sem þeir ganga fyrir. Að lokum má nefna að þar sem varaafsstöðvar bankans ganga fyrir díselolíu mun samdrátturinn aldrei nást upp í 100%. Því var markmið ársins 2030 aðlagð.

### 4. Ná fram samdrætti í óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda.

Árið 2022 sóttum við um að verða aðilar að framtaki um vísindalega markmiðasetningu, SBTi.


Árið 2023 setti Landsbankinn sér markmið um samdrátt í óbeinni losun í samræmi við staðal framtaksins fyrir fjármálafyrirtæki og sótti um staðfestingu. Markmið bankans var staðfest af SBTi í ársbyrjun 2024. Aðalmarkmiðið á við um fjármagnaða losun (PCAF) en einnig setjum við markmið um samdrátt í óbeinni losun frá rekstri bankans.

Markmið sem bankinn setti sér í eigin rekstri var að minnka óbeina losun um 50% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Markmið um fjármagnaða losun<sup>1</sup> skiptast niður á mismunandi atvinnugreinaflokka og má lesa samantekt SBTi um hvað felst í hverjum þeirra.

1 <https://www.landsbankinn.is/uploads/documents/bankinn/sjalfbaerni/landsbankinn-target-language-and-summary.pdf>

## 5. Kynjahlutföll meðal stjórnenda verði innan settra viðmiðunarmarka.

Fyrir 2030 viljum við að kynjahlutföll á efstu stjórnendastigum verði þannig að hvergi halli á eitt kyn umfram 60% og að það hlutfall haldist áfram eftir að því hefur verið náð. Efstu stjórnendastig eru flokkuð í þrjá hópa: framkvæmdastjórnar, forstöðumenn og útibússtjórnar, og aðrir millistjórnendur.



## 6. Aðgerðir gegn mismunum – miðla skal upplýsingum um EKKO-stefnu.

Við ætlum að gera sýnilegra hvernig við vinnum með EKKO-stefnu bankans, en EKKO stendur fyrir varnir gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Sjálfbæriskýrslan okkar mun innihalda upplýsingar um fjölda atvika sem tilkynnt eru til Mannauðs og hlutfall atvika sem mælast í vinnustaðgreiningu bankans.

EKKO atvik	2024
Fjöldi tilkynninga til Mannauðs	0
<b>Vinnustaðgreining</b>	
<b>Hlutfall sem varð fyrir:</b>	
Einelti	2,0%
Kynferðislegri áreitni	0,0%
Kynbundin áreitni	1,0%
Ofbeldi	0,0%

---

Niðurstöður sýna dæmi um að starfsfólk hafi upplifað EKKO-atvik árið 2024. Hluti þeirra atvika voru tilkynnt til Mannauðs og fengu viðeigandi meðferð en fóru ekki í formlegt ferli, í samræmi við óskir þeirra sem tilkynntu.

## 7. Endurskoða skal sjálfbærniupplýsingar.

Allar fjárhags- og sjálfbærniupplýsingar skulu staðfestar eða rýndar af þriðja aðila af þeirri dýpt sem eðlilegt þykir.

### Núverandi staða

- Hluti af sjálfbærniuppgjöri bankans sem felur m.a. í sér loftslagsbókhald bankans er staðfest með takmarkaðri vissu (e. limited assurance).
- PRB-skýrsla bankans um ábyrga bankastarfsemi er staðfest með takmarkaðri vissu.
- PCAF-skýrsla bankans er staðfest með takmarkaðri vissu.
- Sjálfbær fjármálaumgjörð Landsbankans fær umsögn þriðja aðila.
- Áhrifaskýrsla grænna skuldabréfa er staðfest með takmarkaðri vissu.

## 8. Viðskiptum skal beint til ábyrgra birgja.

Við stefnum að því að 80% kostnaðar af keyptri þjónustu og vörum verði frá birgjum sem samþykkt hafa siðareglur bankans fyrir birgja fyrir 2025, eða hafa sett sér sambærilegar reglur.

### Núverandi staða:

Siðareglur birgja voru teknar í notkun í lok árs árið 2021 og markmiðinu um hlutfall kostnaðar hjá ábyrgjum birgjum var náð árin 2022, 2023 og 2024. Við munum enn vinna í því að beina viðskiptum til ábyrgra birgja og stefnum að því að viðhalda þeirri stöðu að 80% kostnaðar af keyptri þjónustu og vörum verði frá ábyrgjum birgjum.

# Heimsmarkmiðin

Við fylgjum þremur heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.



Markmiðin tengjast öll starfsemi bankans og því getur vinna að þeim hámarkað jákvæð áhrif bankans á umhverfi og samfélag. Við fylgjum einnig viðmiðum um ábyrga bankastarfsemi (PRB) sem hjálpa bönkum að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Parísarsáttmálanum.